



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Minjavörður Norðurlands
eystra

Borgum v/Norðurslóð
600 Akureyri

(354) 570 13 15
(354) 832 17 00

www.minjastofnun.is
Kennitala: 440113-0280

Sædis Gunnarsdóttir
Minjavörður Norðurlands
eystra
saedis@minjastofnun.is

María Markúsdóttir
Dalvíkurbyggð

Akureyri, 22. mars 2024
MÍ202403-0146/ 6.08 / S.G.

Skipulagslýsing vegna breytingar á Aðalskipulagi Dalvíkurbyggðar og deiliskipulagi Hóla- og Túnahverfis

Óskað var umsagnar Minjastofnunar Íslands í gegnum Skipulagsgáttina vegna skipulagslýsingar fyrir breytingu á Aðalskipulagi Dalvíkurbyggðar 2008-2020 og deiliskipulagi Hóla- og Túnahverfis. Hægt var að hlaða skipulagslýsingunni niður en hún er dagsett í mars 2024.

Fyrirhuguð breyting á aðalskipulagi felst í því að íbúðarsvæði 314-ÍB verður stækkað um 0,4 hektara til norðurs á kostnað opins óbyggðs svæðis. Breyting á deiliskipulagi felst í sambærilegri stækkun á deiliskipulagssvæði Hóla- og Túnahverfis.

Húsakönnun hefur verið unnin fyrir svæðið, sjá Ágúst Hafsteinsson 2020 *Hóla og Túnahverfi. Dalvík. Dalvíkurbyggð. Húsakönnun*. Engin hús standa á því svæði sem stækkunin nær til. Fornleifaskráning hefur verið gerð fyrir svæðið, sjá Adolf Friðriksson, Elín Ósk Hreiðarsdóttir, Hildur Gestsdóttir, Margrét Stefánsdóttir og Orri Vésteinsson 2000 *Fornleifaskráning í Eyjafirði XII: Fornleifar á Upsaströnd, Dalvíkurlandi og vestanverðum Svarfaðardal inn að Klaufabrekku* Fornleifastofnun Íslands FS116-99091. Sú skráning uppfyllir ekki staðla Minjastofnunar en gefur ágæta mynd af dreifingu minja. Ráðist var í uppfærslu á skráningu vegna vinnu við nýtt aðalskipulag, sjá Hákon Jensson 2022 *Dalvíkurbyggð. Endurskoðun fornleifaskráningar innan þéttbýliskjarna og framkvæmdasvæða vegna aðalskipulags*. Búnaðarsamband Eyjafjarðar Rannsóknarskýrslur 2022/12

Engar þekktar fornleifar eru á skipulagsreitnum og hefur Minjastofnun Íslands ekki athugasemdir við fyrirhugaðar skipulagsbreytingar á þessu stigi. Aðal- og deiliskipulagsuppdraettir þurfa að koma inn til umsagnar hjá stofnuninni.

Virðingarfyllst,

Sædís Gunnarsdóttir

Sædís Gunnarsdóttir
Minjavörður Norðurlands eystra